

## Skólaráð Naustaskóla

6. fundur ársins 2010 þann 21. maí kl. 8:10

### Mættir:

Skólastjóri: Ágúst Jakobsson

Fulltrúar foreldra og grenndarsamfélags: Jón Stefán Baldursson, Sara Stefánsdóttir, Björk Guðmundsdóttir

Fulltrúar starfsmanna: Hjördís Óladóttir, Gyða Björk Aradóttir

### Dagskrá og afgreiðslur:

1. **Skóladagatal - breyting.** Áformað er að halda ráðstefnu í haust fyrir starfsmenn leik-, grunn- og framhaldsskóla þar sem nýjar aðalnámskrár verða kynntar og ræddar. Allir leik- og grunnskólar höfðu sett inn “samræmdan” starfsdag á dagatal 27. september vegna þessa en sá tími gengur ekki upp og færa þarf þann starfsdag til 1. október. Ákveðið vegna þessa að færa einnig til “kynningar/samráðsdag” sem var settur á 28. sept, til fimmtudagsins 30. september.
2. **Innkaup námsgagna fyrir nemendur.** Ákveðið að halda áfram með þá ráðstöfun að skólinn annist innkaup námsgagna fyrir nemendur að undanskildum skriffærum, litum o.þ.h. hlutum, þ.e. að nemendur/foreldrar beri sjálfir ábyrgð pennaveskjum og því sem þeim tilheyrir.
3. **Starfsmannamál.** Einn kennari og einn skólaliði/stundakennari ætla að hætta störfum við skólann og einn starfsmaður fer í fæðingarorlof í sumar og fram á næsta vor. Búið er að auglýsa skólaliðastöður með umsóknarfresti til 10. júní. Samtals verða því væntanlega 8 nýir starfsmenn við skólann næsta haust, 3 kennarar, 1 námsráðgjafi, 1 þroskaþjálfari, 2 skólaliðar og 1 stuðningsfulltrúi.
4. **Niðurstöður könnunar.** Farið yfir niðurstöður könnunar meðal foreldra sem lögð var fyrir á dögum. Í heildina tekið eru niðurstöður nokkuð góðar en þær sýna að forgangsverkefni eru að bæta námsmat og upplýsingagjöf til foreldra um námsstöðu nemenda, einnig að finna leiðir til að foreldrar geti verið virkari þátttakendur í náminu og skólastarfinu. Þá er óásættanlegt að nokkrum hluta nemenda líði ekki nógu vel í skólanum, ástæður þess þarf að kanna nánar og bregðast við. Könnunin leiðir hins vegar einnig í ljós marga styrkleika í skólastarfinu. Á næstu dögum mun Skóladeild leggja kannanir fyrir starfsmenn og nemendur sem gefa einnig upplýsingar en á vordögum verður unnin umbótaáætlun fyrir næsta vetur með hliðsjón af niðurstöðum.
5. **Aðalfundur Foreldrafélags.** Aðalfundur Foreldrafélagsins verður haldinn 25. maí nk. Þar er á meðal dagskrárliða “skýrsla skólaráðs”. Skólastjóri mun flytja samantekt fyrir hönd ráðsins.

Næsti fundur skólaráðs er áætlaður föstudaginn 11. júní 2010.

Fleira ekki tekið fyrir, fundi slitið kl. 9:30

Ágúst Jakobsson ritaði fundargerð